



Endurskoðunardagur



Grand Hótel Reykjavík – Háteigur 4. hæð

Ráðstefnunni verður jafnframt streymt og verður streymið aðgengilegt til og með 20. júní 2025

Ráðstefnustjóri er Ármann S. Gunnarsson, endurskoðandi hjá PwC

8:45 - 9:00

Skráning og kaffisopi

9:00

Setning ráðstefnu

Elín Hanna Pétursdóttir, endurskoðandi og varaformaður FLE

Efst á baugi hjá endurskoðendaráði

Áslaug Árnadóttir, formaður endurskoðendaráðs

Sjálfbærnimál á óvissutímum

Margrét Pétursdóttir, endurskoðandi

10:10 - 10:25

Kaffihlé

Hver er litur breytinga? Sjálfvirknivæðing og gervigreind

Hanna Kristín Skaftadóttir, doktorsnemi

Niðurstöður löggildingarprófa

Jón Arnar Baldurs, endurskoðandi og formaður prófnefndar

11:35 - 11:45

Kaffihlé

Aðrar staðfestingar

Margrét G. Flóvenz, endurskoðandi

12:30

Ráðstefnulok

Ráðstefnan er öllum opin. Ráðstefnugjald er 28.000 kr. fyrir félagsmenn og starfsmenn endurskoðunarstofa en 35.000 kr. fyrir aðra. Ráðstefnan gefur samtals 3,5 einingar í floknum endurskoðun samkvæmt reglum um endurmenntun endurskoðenda.

Vinsamlegast skráið þátttöku á vef Félags löggiltra endurskoðenda www.fle.is eigi síðar en kl. 12:00 þann 22. maí 2025.

Fyrirlesarar



Áslaug Árnadóttir er hæstaréttarlögmaður og hefur starfað hjá Landslögum síðan 2010. Áður starfaði hún m.a. á Alþingi og sem skrifstofustjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Hún hefur verið formaður endurskoðendaráðs síðan 2013.



Margrét Pétursdóttir er löggiltur endurskoðandi og meðeigandi hjá KPMG þar sem hún hefur síðastliðin ár sérhæft sig í sjálfbærnimálum. Áður en hún hóf störf hjá KPMG starfaði hún hjá EY í fjöldamörg ár. Margrét var formaður FLE á árunum 2015 – 2017 og sat í stjórn Alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC) á árunum 2018 - 2023.



Hanna Kristín Skaftadóttir er lektor og fagstjóri viskiptagreindar við Háskólann á Bifröst og stundakennari við Háskóla Íslands í M.Acc náminu. Hanna Kristín er að verja doktorsverkefni sitt sem fjallar um viðskiptagreind og tækni-innleiðingu fyrirtækja.



Jón Arnar Baldurs er aðjúnt við Háskóla Íslands þar sem hann kennir námskeið í bæði reikningsskilum og endurskoðun. Auk þess situr hann í endurskoðendaráði og starfar sem sjálfstæður ráðgjafi. Jón Arnar hefur verið formaður prófnefndar frá árinu 2017.



Margret G. Flóvenz er kennari við Háskólann í Reykjavík þar sem hún kennir endurskoðun og kemur að umsjón með meistaranámi í reikningsskilum og endurskoðun. Hún er einnig sjálfstætt starfandi ráðgjafi auk þess að vera í hlutastarfi hjá FLE sem sérfræðingur í ýmsum málum er snúa að endurskoðun.

